

EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000, 8/2000 frá 4. febrúar 2000 og 9/2000 frá 28. janúar 2000. Reglugerðir ráðsins gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í nefndum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 nær hugtakið: „bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn“ m.a. til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Reglugerðirnar fjalla að hluta um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1606/98, 307/1999 og 1399/99 og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, 8/2000 og 9/2000, sbr. 1. gr., sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 20, 12. apríl 2001, bls. 95-129, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 847/2001.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. nóvember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Tómas N. Möller.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs. Sjálfseignarstofnunin Skjólgarður er stofnandi sjóðsins.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 og má ekki skerða þá fjárhæð. Stofnféð skal árlega taka breytingum miðað við neysluserðsvísitölu og skal miðað við grunnvísitöluna 174.2 stig.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir Skjólgarð.

2. Að stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar.
3. Að veita lán til uppbyggingar heilbrigðis- og öldrunarmála í sveitarfélaginu.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Gjafir og áheiti til sjóðsins.
2. Sala minningarkorta Skjólgarðs.
3. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
4. Vextir af lánum.
5. Aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög úr sjóðnum hverju sinni og eðlileg lánakjör.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og tveir til vara. Þeir eru tilnefndir af heilbrigðis- og öldrunarráði Hornafjarðar í upphafi hvers kjörtímabils nýrrar bæjarstjórnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn sjóðsins fyrir lok júní ár hvert og sendur Ríkisendurskoðun eins og lög og reglur mæla fyrir um.

9. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður varðveitir eignir sjóðsins og skal leitast við að ávaxta hann á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það er talið nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna eða annarra ríkra ástæðna. Engin breyting á skipulagsskrá fær þó gildi nema til komi samþykki meirihluta kjörinna stjórnarmanna í heilbrigðis- og öldrunarráði Hornafjarðar.

11. gr.

Ef sjóðurinn verður lagður niður þá skulu eignir sjóðsins renna til Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem skal ráðstafa þeim í þágu aldraðra í sveitarfélaginu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.